

Skinney-Þinganes hf.
Krossey
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 6. september 2019
UST201901-311/H.E.
08.10.02


Efni: Reglubundið eftirlit, 19. 7. 2019, hjá Skinney Þinganes.

Þann 19. júlí sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Skinney Þinganes, Hornafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en þremur ábendingum var komið á framfæri

Virðingarfyllst


Halla Einarsdóttir


Gottskálk Friðgeirsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	17.7.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Eftirlitsmaður	Ólöf Vilbergsdóttir
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Hallveig Karlsdóttir	Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni en þremur ábendingum var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Ólöf Vilbergsdóttir.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins, Erlingi Brynjólfssyni verksmiðjustjóra og Hallveigu Karlsdóttur gæðastjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar voru engin frávik skráð en gerð var ein athugasemd. Athugasemdin varðaði viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar sem þurfti að uppfæra. Áætlun var uppfærð en það vantar inn í hana tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar óhöpp eða slys eiga sér stað sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Rekstraraðili skal skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð tilkynna til Umhverfisstofnunar um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Tilkynningar til Umhverfisstofnunar varðandi atvik sem tilgreind eru hér að framan skulu sendar í tölvupósti á ust@ust.is.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt.

Sýni voru tekin í október 2018 af frárennsli vinnsluvatns þegar verið var að vinna síld, frákast og afskurð frá fiskvinnslu Skinneyjar- Þinganes. Einnig voru tekin sýni í desember 2018 þegar verið var að vinna makríl, frákast og afskurð frá fiskvinnslu. Sýni af frárennsli voru tekin á tveimur stöðum þ.e. frárennsli sjávar og frárennsli um fitugildru. Niðurstöður sýndu efnalosun í frárennsli og heildarefnalosun. Efnafraeðileg súrefnisþörf og magn svífefna voru yfir mörkum í starfsleyfi þegar verið var að vinna makríl, frákast og afskurð fiskvinnslu.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2018 hefur skilað sem og yfirlýsingu um magn mengandi efna varðandi ústreymsibókhald.

TVN er mælt og skráð reglulega og eru skráningar aðgengilegar eftirlitsaðila í samræmi við grein 3.2. í starfsleyfi. Í starfsleyfi er ekki gerð krafa um niðurstöðum TVN mælinga séu sendar eftirlitsaðila.

Tilkynnt var um gangsetningu eftir 7 mánaða stopp með tölvupósti frá verksmiðjustjóra þann 16.júlí sl. Greint var frá að miðað er við að tilkynna gangsetningu ef stopp varir í um einn mánuð.

Verksmiðjan hefur um allnokkurt skeið eingöngu verið keyrð á rafmagni og því hefur ekki komið til þess að olíubrennarar hafi verið notaðir.

Farið var í gegnum áhættumat sem Umhverfisstofnun hefur unnið fyrir starfsemina. Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að byggja tíðni vettvangsheimsókna á kerfisbundnu áhættumati á umhverfishættu viðkomandi starfsemi. Í lok árs mun stofnunin síðan rýna heildrænt niðurstöður áhættumatsins og nota sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar 2020

Rekstraraðili er með tryggingu vegna bráðamengunar.

Hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðju og annarra svæða var skoðuð.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Lekavarnarþró umhverfis lýsigeyma var skoðuð sem og efnageymsla. Niðurfalið frá efnageymslu er tengt í skeljasandsþró. Öryggisblöð eru tiltæk í fyrirtækinu en væri aðgengilegri ef þau væri líka geymd í efnageymslu.

Á lóð er búið að byggja yfir úrgangsilát og vel var gengið frá þeim. Engar merkingar voru á flokkuninni. Mælt er með að merkja hvaða úrgangur á að fara í hvert ílát.

ÁBENDINGAR

Gerð er athugasemd við að það vantar inn í viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar tilkynningu til Umhverfisstofnunar þegar óhöpp eða slys eiga sér stað sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið.

Öryggisblöð er tiltæk í fyrirtækinu en væri betur aðgengileg ef þau væri líka geymd í efnageymslu.

Merkingar vantar á úrgangsilát á lóð. Til að tryggja góða flokkun þyrfti að merkja ílátin með því sem þau eru ætluð fyrir.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.09.2019

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir